

Orðanefnd læknafélaganna - 104

Fundur var haldinn mánudaginn 29. janúar 2024 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar og var þetta 104. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Reynir Tómas Geirsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Magnús Jóhannsson og Runólfur Pálsson boðuðu forföll á síðustu stundu. Gestur fundarins var Jón G. Snædal, öldrunarlæknir.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 103. fundar (18. desember 2023), sem hafði verið send nefndarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt.

- JHJ kynnti orðanefndarstarfið stuttlega fyrir gestinum sem vinsamlega tók að sér að vera fulltrúi öldrunarlækna á þessum fundi í stað Steinunnar Þórðardóttur, öldrunarlæknis, sem hafði ætlað að mæta en forfallaðist óvænt.

3. Orðanefndarvinnan:

- Dementia.** Aðalverkefni þessa fundar var að halda áfram þeirri umræðu um íðorð í öldrunarlækningum sem hófst á 102. fundi með umfjöllun nefndarmanna um heitið dementia. Farið var mjög ítarlega yfir orðalistann, sem áður var farið yfir á þeim fundi og hafði að geyma þær færslur í Íðorðasafni lækna sem innihalda heitið dementia. Jón G. Snædal var sérstaklega hvattur til að taka fullan þátt í umræðu um þau ensku og íslensku heiti sem nú væri notkun um fyrirbærin og einnig að setja fram sínar eigin hugmyndir um hvernig betrubæta mætti þær skilgreiningar sem þegar lágu fyrir í færslunum af hálfu nefndarinnar. Nefndarmenn lögðu einnig fram sínar hugmyndir og óhætt er að segja að þetta varð bæði gagnleg og mjög skemmtileg umræða. JHJ tók að sér að skrá tillögurnar og að koma orðum og orðalagi inn í færslurnar.
- Senile.** JHJ kynnti lista með færslum úr Íðorðasafninu þar sem orðhlutinn "senil" kemur fyrir í samsettum enskum heitum. Þar sem fyrri umræðan hafði tekið góðan tíma var áhersla lögð á ræða örfáar grunnfærslur sem gegna lykilhlutverki í hinum færslunum, þ.e. ensku heitin senile (2 færslur) og senility (2 færslur). Í þessari umræðu var einnig kafað djúpt í íslensku heitin og skilgreiningarnar. Umræðu um listann í heild verður haldið áfram á næsta fundi.

Næsti fundur. Gert er ráð fyrir næsta fundi mánudaginn 26. febrúar og fundarherbergið í Eddu hefur verið bókað.

Fundi var slitið um kl. 18. Fundargerð ritaði JHJ.